

Þar sem ekki verður fallist á það, að þessi lögmahti réttur sé háður sérstakri fyrningu og falli niður við það, að hinn brotlegi skipstjóri viki af skipinu eða að gerð sé tilraun til fullnustu dómsins með afplánun sektarinnar, þykir kröfu gerðarbeiðanda, um að fá fullnægt sektarákvæði dómsins til hlítar með fjárnámi í skipinu, eiga að taka til greina beinlínis án þess að leggja þurfi fyrst lög-hald á skipið og leita staðfestingar þess með venjulegu einkamáli.

Föstudaginn 13. febr. 1931.

Nr. 33/1930. **Kristín J. Hagbarð**

(Stefán J. Stefánsson)

gegn

félagi íslenzkra stórkaupmanna

(Petur Magnússon).

Skaðabótakrafa m. m. eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. jan. 1930: Stefnir, Arent Claessen, Björn Ólafsson, Ingimar Brynjólfsson, Hallgrímur Benediktsson og Tómas Tómasson, skulu vera sýknir af kröfum stefnöndu, Kristínar J. Hagbarð, í máli þessu.

Stefnanda greiði hinum stefndu kr. 100,00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í hæstarétti með 200 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Kristín J. Hagbarð, greiði stefnda, félagi íslenzkra stórkaupmanna, málskostnað í hæstarétti með 200 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sátaumleitan, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. sept. s. l., af Kristínu J. Hagbarð kaupkonu hér í bæ, gegn stjórnendum „Félags íslenzkra stórkaupmanna“, þeim stórkaupmönnum: Arent Claessen, Birni Ólafssyni, Ingimar Brynjólfssyni og Hallgrimi Benediktssyni og ölgerðarmanni Tómasi Tómassyni, öllum hér í bænum, til ómerkningar, og sekta fyrir meiðyrði og greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 15.000.00, auk málskostnaðar að skaðlausu í máli þessu eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 2. apríl 1929, tilkynnti „Félag íslenzkra stórkaupmanna“ stefnöndu, að hún ætti vangoldna skuld hjá einum félagsmanna að upphæð kr. 1217.19. Í bréfi þessu var einnig tekið fram, að ef athugasemdir bærust ekki frá henni innan þriggja daga eða ef skuldin yrði ekki jöfnuð við réttan aðilja innan sama frests, yrði nafn stefnöndu birt á næstu vanskilaskrá“ félagsins. Með bréfi, dags. 5. apríl, sem lagt hefir verið fram í eftirriti, svaraði stefnanda bréfi félagsins, og taldi skuldina ekki þannig til komna, að rétt væri að setja nafn hennar á „vanskilaskrá“ félagsins, þó að skuldin yrði ekki greidd, en eigi að siður var það gert litlu siðar samkvæmt „Samþykkt um lánsverzlunarskilmála“, gerðri á félagsfundi 26. nóv. 1928.

Stefnanda telur nú, að eftir 10. gr. samþykktar þessarar, sem hún hefir lagt fram, sé nafn hennar sett á „vanskilaskrána“ algerlega að ástæðulausu, því að í greininni sé skýrt tekið fram, að samþykktin sé aðeins bindandi

fyrir viðskipti stofnuð eftir 1. jan. 1929, en skuld sú, er hún hafi verið sett á „vanskilaskrá“ fyrir, stafi af viðskiptum stofnuðum fyrir þann tíma. Auk þess hafi skuldin verið talin ranglega of há eða kr. 1217.19 í stað kr. 1185.69. Vegna þessarar ráðstöfunar „Félags íslenzkra stórkaupmanna“ kveðst stefnanda hafa orðið fyrir miklum álitshnekki, trautsspjöllum og fjárhagstjóni, en stjórnendur félagsins eða hinir stefndu beri ábyrgð á ráðstöfuninni, því að í 4. gr. fyrrgreindrar samþykktar sé svo ákveðið, að stjórn félagsins taki ákvarðanir um það, hverjir skuli settir á „vanskilaskrá“, og hefir stefnanda nú höfðað mál þetta á hendur stjórnendum og gert þær réttarkröfur, að ráðstöfunin verði ómerkt og stefndir verði auk þess hver fyrir sig látnir sæta sektum fyrir hana og dæmdir in solidum til þess að greiða kr. 15000.00 í skaðabætur vegna hennar.

Stefndir hafa mótmælt kröfum stefnöndu og krafizt þess, aðallega, að verða algerlega sýknaðir af þeim, og ennfremur, að þeim verði tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins. Til vara hafa þeir mótmælt skaðabótakröfu stefnöndu sem allt of hárrí.

Það verður að teljast nægilega upplýst, að skuld sú, er stefnanda var sett á „vanskilaskrá“ fyrir, hafi verið stofnuð fyrir 1. jan. 1929, en það atriði skiptir ekki máli, því að rétturinn lítur svo á eins og stefndir hafa haldið fram, að 10. gr. fyrrgreindrar samþykktar, eigi eftir anda og tilgangi samþykktarinnar að skiljast svo, að félagsmönnum í „Félagi íslenzkra stórkaupmanna“ sé skylt að tilkynna stjórnendum félagsins vanskil, er verða hjá viðskiptamönnum þeirra frá ársbyrjun 1929, en jafnframt sé þeim heimilt að tilkynna vanskil vegna fyrri viðskipta. Þá ber og á það að líta, að stefnanda hefir viðurkennt það, að hún hafi í byrjun janúar 1929 gert samning um greiðslu skuldar þeirrar, er hún var sett á „vanskilaskrá“ fyrir, við skuldareiganda á þá leið, að hún greiddi af henni 500 krónur mánaðarlega þar til skuldinni væri lokið. Kveðst stefnanda hafa greitt afborgunina í febrúar, en ekki hafa getað greitt hana í marz vegna ýmsra skatta, er hún hafi orðið að greiða af eignum sínum í þeim mánuði. Hefir stefnanda afsakað greiðsludráttinn með því, að samning-

urinn um greiðslu skuldarinnar hafi verið því skilyrði bundinn „að ástæður hennar leyfðu“, en þetta skilyrði hefir hún ekki sannað gegn mótmælum stefndra. Það verður því og að teljast nægilega upplýst, að stefnanda var í vanskilum með skuldina og var þá skuldareigandanum samkvæmt framansögðu heimilt að tilkynna stjórnendum félagsins vanskilin og stjórnendum (hinum stefndu) aftur heimilt og jafnvel skylt eftir 4. gr. samþykktarinnar að tilkynna félagsmönnum þau. Og þó skuldin hafi reynzt nokkrum krónum lægri í raun og veru en hún var talin á „vanskilaskrá“, þá hefir það að áliti réttarins engin áhrif á réttmæti þeirrar ráðstöfunar stefndra að setja stefnöndu á skrána vegna vanskilanna, þar sem hún bauð ekki fram greiðslu eða samdi um þann hluta skuldarinnar, er hún viðurkenndi, þegar hún fékk fyrrgreinda aðvör- un frá félaginu.

Samkvæmt framansögðu og eftir því, sem fyrir liggur, lítur rétturinn svo á, að framangreind ráðstöfun stefndra, að setja stefnöndu á „vanskilaskrá“ „Félags islenzkra stór- kaupmanna“ hafi verið eins og á stóð algerlega réttmæt, og verði stefnanda því að þola bóatalaust, þó að hún kunni að hafa orðið fyrir óþægindum og tjóni vegna ráðstöfun- arinnar, því að sjálfsögðu verður það að teljast heimilt, að menn taki sig saman um það, að skýra hver öðrum frá innbyrðis, ef viðskiptamenn þeirra standa ekki við skuld- bindingar sínar gagnvart þeim, og þá jafnframt að bindast samtökum um það, hvaða viðurlögum þeir beiti gagnvart vanskilamönnunum, en ekki er upplýst, að stefndir hafi tilkynnt öðrum en félagmönnum sínum um vanskil stefn- öndu.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndir verða alger- lega sýknaðir af öllum kröfum stefnöndu í málinu, og þykir eftir þeim úrslitum hæfilegt, að stefnanda greiði stefndum kr. 100.00 í málskostnað.

Vegna embættisanna hefir dómur eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyr en nú.